

ÚTDRÁTTUR ÚR REGLUM LANDSBRÉFA UM HAGSMUNAÁREKSTRA

Landsbréf eru sjálfstætt starfandi fjármálastofnun og er aðalstarfsemi félagsins rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þá hefur félagið starfsleyfi til að sinna eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf..

Með hagsmunaárekstrum er átt við þær aðstæður sem upp geta komið þegar Landsbréf þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og er í aðstöðu til að láta einn aðila njóta betri stöðu á kostnað annars og skaða þannig fjárhagslega hagsmuni viðskiptavinar. Í þeim tilvikum sem hagsmunaárekstrar eru til staðar, ber félaginu að gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrarnir skaði hagsmuni viðskiptavina. Landsbréfum er skylt að upplýsa viðskiptavini sína um mögulega hagsmunaárekstra og birta útdrátt úr reglum þessum á vef sínum.

Þessi útdráttur er úr reglum sem Landsbréf hafa sett sér um varnir gegn hagsmunaárekstrum á grundvelli 32. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, 13. gr. reglugerðar nr. 976/2021, um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vörupróun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings, og III. kafla reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu), með síðari breytingum og 34. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016. Reglur Landsbréfa um varnir gegn hagsmunaárekstrum eru yfirfarnar árlega og þá eftir atvikum uppfærðar.

MÖGULEGIR HAGSMUNAÁREKSTRAR

Landsbréf skulu tryggja að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Með hliðsjón af starfsemi félagsins eru helstu áhættuþættir í starfsemi félagsins eftirfarandi en listinn er ekki tæmandi:

- a) Eigin viðskipti starfsfólks, stjórnarmanna eða tengdra aðila geta valdið hagsmunaárekstrum, s.s. vegna viðskipta sjóða í rekstri félagsins.
- b) Ef starfsmaður Landsbréfa, stjórnarmaður, eða aðili tengdur þessum aðilum hefur fjárhagslega hagsmuni af þjónustu sem veitt er viðskiptavini eða þeim sem félagið á viðskipti við.

- c) Landsbréf eða tengdir aðilar fá rausnarlegar gjafir eða taka þátt í skemmtun, umfram það sem eðlilegt getur talist, sem mögulega getur haft áhrif á störf þeirra með þeim hætti að andstætt sé hagsmunum viðskiptavina félagsins.
- d) Landsbankinn er eigandi Landsbréfa. Bankinn annast ýmis verkefni fyrir félagið samkvæmt útivistunarsamningi, s.s. markaðssetningu sjóða félagsins gegn þóknun frá félaginu, tölvuþjónustu, vörslu, regluvörslu og innri endurskoðun. Þá kaupa Landsbréf ýmsa valkvæða þjónustu af bankanum svo sem fyrirtækjaráðgjöf og miðlunarþjónustu. Þessi tengsl félaganna geta valdið hagsmunaárekstrum þegar um viðskipti milli félagsins og eiganda þess er að ræða.
- e) Viðskipti milli sjóða í rekstri Landsbréfa og eins viðskipti aðila í eignastýringu við sjóði í rekstri Landsbréfa.
- f) Viðskipti sem eru framkvæmd fyrir fleiri en einn sjóð.

STJÓRN HAGSMUNAÁREKSTRA

Landsbréf hafa gert viðeigandi ráðstafanir til að takmarka líkur á því að hagsmunaárekstrar geti komið upp. Þessar ráðstafanir fela meðal annars í sér eftirfarandi:

- a) Starfsemi Landsbréfa er aðskilin frá móðurfélaginu, Landsbankanum, en starfsemin fer fram í sérstöku húsnæði sem er aðgangsstýrt. Þá er sú starfsemi sem felst í eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf aðskilin með aðgangsstýringu frá sjóðastýringu..
- b) Starfsmönnum Landsbréfa er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning án fyrirfram heimildar frá regluverði en regluvörður tekur afstöðu til viðskiptanna áður en þau eru framkvæmd.
- c) Starfsfólki er óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning á undan viðskiptavini og sjóðum í rekstri Landsbréfa ef áður hefur legið fyrir beiðni um viðskipti af hálfu viðskiptavinar eða sjóðstjóra.
- d) Landsbréf skulu gera viðskiptavini grein fyrir því ef hann hefur sjálfur hagsmuna að gæta í tengslum við fjármálagerninga, enda séu upplýsingar um slíkt aðgengilegar þeim starfsmanni sem í hlut á.
- e) Landsbréf hafa gert ráðstafanir til að takmarka upplýsingaflæði innan félagsins þar sem annars væri hætt á að hagsmunir viðskiptavinar bankans gætu skaðast.
- f) Landsbréf varðveita upplýsingar sem auðvelda greiningu og meðhöndlun hagsmunaárekstra með öruggum hætti.
- g) Komi til hagsmunaárekstra munu Landsbréf upplýsa viðskiptavin um það með skýrum hætti svo viðskiptavinur geti tekið upplýsta ákvörðun um áframhald viðskipta.

- h) Landsbréf hafa sett sér reglur um gjafir, hvatagreiðslur og boðsferðir til að koma í veg fyrir að slíkt valdi mögulegum hagsmunaárekstrum.
- i) Ef viðskiptafyrirmæli eru gefin fyrir fleiri en einn sjóð (samsafn fyrirmæla) er forsenda þess að slík viðskipti séu leyfð að ólíklegt sé að slík framkvæmd viðskipta sé einhverjum sjóði óhagfelld og að fyrirfram liggi fyrir hvernig viðskiptum skuli skipt milli sjóða.
- j) Fyrirkomulag á starfskjörum starfsmanna er sett upp með þeim hætti að óveruleg hættu er á að starfsmenn hygji eigin hagsmunum eða hagsmunum fyrirtækisins þannig að það geti skaðað hagsmuni viðskiptavinar.
- k) Settar hafa verið reglur um aðskilnað starfssviða til að tryggja viðeigandi varnir gegn hagsmunaárekstrum.
- l) Um stjórn félagsins gilda starfsreglur um framkvæmd starfa stjórnar og framkvæmdastjóra en reglurnar hafa meðal annars þann tilgang að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og draga úr hættu á að þeir sem starfsreglurnar taki til tengist einstökum viðfangsefnum.
- m) Greining hagsmunárekstra er viðvarandi verkefni sem er unnið stöðugt að með það að markmiði að tryggja lágmörkun á neikvæðum afleiðingum hagsmunaárekstra. Árlega er tekin saman skýrsla um greiningu á hagsmunaárekstrum og viðbrögð við þeim og er hún kynnt stjórn félagsins og regluverði. Þá fer fram árlega fræðsla til starfsmanna um hagsmunaárekstra og viðbrögð við þeim.

Útdráttur þessi er úr gildandi reglum Landsbréfa um varnir gegn hagsmunaárekstrum og var hann síðast uppfærður þann 3. febrúar 2025. Útdrátturinn skal birtur á vef félagsins www.landsbref.is.